

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 119/2021**

**frá 19. mars 2021**

**um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1083 frá 14. maí 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og málsmeðferð fyrir tilnefningu skráningarstofu .eu höfuðléna <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/857 frá 17. júní 2020 um meginreglurnar sem eiga að vera hluti af samningnum á milli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og skráningarstofunnar fyrir .eu höfuðlénið í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 <sup>(2)</sup>.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5oab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5oac. **32020 R 0857**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/857 frá 17. júní 2020 um meginreglurnar sem eiga að vera hluti af samningnum á milli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og skráningarstofunnar fyrir .eu höfuðlénið í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 (Stjtið. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 52).

5oad. **32020 R 1083**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1083 frá 14. maí 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valvið-

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 239, 24.7.2020, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 52.

miðanir og málsmeðferð fyrir tilnefningu skráningarstofu .eu höfuðléna (Stjtið. ESB L 239, 24.7.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1083 og reglugerðar (ESB) 2020/857, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2020 frá 12. júní 2020 <sup>(3)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(<sup>3</sup>) Verður birt.